

Sýningunni Verk og vit frestað

26. janúar 2021

Ágæti sýnandi,

Enn eru samkomutakmarkanir sem miða við að ekki megi fleiri en 20 koma saman. Mun sú takmörkun gilda til 17. febrúar. Það er viðbúið að fjöldatakmarkanir verði áfram í gildi. Reglurnar eru almennt gefnar út til tveggja vikna í senn, en ljóst er að sýningarhaldari og sýnendur þurfa lengri tíma til að undirbúa og kynna sýninguna.

Að höfðu samráði við samstarfsaðila hefur framkvæmdaraðili Verk og vit ákveðið að fresta sýningunni sem halda átti í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal 15.-18. apríl. Í ljósi þess að samkomutakmarkanir gætu orðið viðvarandi næstu mánuði verður sýningunni frestað um ár – eða til **17.-20. mars 2022**. Það er sá tími sem flestum sýnendum fyrri sýninga finnst henta best samkvæmt þeim könnunum sem gerðar hafa verið. Þó nokkrir erlendir sýnendur eru í sýningarhópnum, sem og erlendir birgjar og gestir sem sækja sýninguna.

Þegar sýningunni var frestað í fyrsta sinn var rúm vika í að sýningin ætti að hefjast. Megin þunginn af vinnu við undirbúning og framkvæmd hafði farið fram auk þess sem búið var að auglýsa sýninguna í marga mánuði þar á undan. Við teljum að margt muni nýtast okkur áfram – þó að eðli málsins samkvæmt verði annað sem þurfi að gera upp á nýtt.

Við erum sannfærð um að næsta sýning Verk og vit muni verða ein sú mikilvægasta hingað til. Við hlökkum til að fylla Íþrótt- og sýningarhöllina í Laugardal í mars á næsta ári þegar samkomutakmarkanir verða lagðar af og við getum haldið glæsilega sýningu eins og við þekkjum og viljum hafa hana.

Virðingarfyllst,
Áslaug Pálsdóttir
Framkvæmdarstjóri